

# Greinargerð


## um framkomnar athugasemdir á kynningartíma tillögu að friðlýsingu Blikastaðakróar - Leiruvogs.

Tillaga að friðlýsingu Blikastaðakróar – Leiruvogs sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (nvl.) var lögð fram til kynningar þann 1. apríl 2022, í samræmi við 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan var send sveitarfélögunum Mosfellbæ og Reykjavíkurborg sem einnig eru landeigendur og þeim kynntur réttur til bóta. Tillagan var einnig send samráðs- og hagsmunaaðilum sem málið gæti varðað og sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á vef Umhverfisstofnunar og Facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar vegna tillögunnar var til og með 17. maí 2022.

Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma; frá Hafrannsóknastofnun, ISAVIA, Landgræðslunni, Matvælaráðuneytinu, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og SAMÚT (FHE). Hér á eftir er gerð grein fyrir innsendum athugasemdum ásamt viðbrögðum við þeim:

## Menningarminjar

*Minjastofnun Íslands* gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að innan fyrirhugaðs friðlýsts svæðis séu skráðar fornminjar sem eru friðaðar skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Auk þess séu friðlýstar fornleifar í landi Blikastaða sem njóta sérstakrar verndar skv. sömu lögum. Um er að ræða fornar minjar verslunar og útræðis niðri á sjávarbakkanum yst í svonefndu Gerði. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessa við allar athafnir og framkvæmdir innan svæðisins.



Þá minnir stofnunin á að fornleifum sem eru friðlýstar fylgi 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis, nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar

fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar. Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem njóta friðunar eru 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Minjastofnun upplýsti jafnframt að á undanförunum árum hefur orðið töluvert mikið landbrot vegna ágangs sjávar á Blikastaðanesi. Af eldri mælingum og loftmyndum má sjá að landbrot er um 2 metrar síðan árið 2000. Minjastofnun hefur því verið í samskiptum við Vegagerðina og Mosfellsbæ til að kanna möguleika á að setja upp sjóvarnir til að verja þessar minjar. Síðustu upplýsingar frá Vegagerðinni eru að áætlað sé að fara á vettvang og meta núverandi stöðu og hve veigamiklar ráðstafanir eru nauðsynlegar framan við minjarnar.

#### *Viðbrögð*

Minjastofnun eru þakkaðar ábendingarnar og upplýsingarnar. Í tillögunni að friðlýsingu svæðisins hefur sérstaklega m.a. verið gætt að þeim atriðum sem Minjastofnun bendir á. Þannig geymir 11. gr. tillögunnar (um vernd menningarminja) ákvæði þess efnis að um menningarminjar og vernd þeirra fari skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og í 3. mgr. 8. gr. tillögunnar (um rannsóknir og vöktun) segir að um veitingu leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fari eftir lögum um menningarminjar.

Hvað varðar ráðstafanir til að vernda minjar vegna landbrots þá er gert ráð fyrir því í 12. gr. tillögunnar (um landnotkun og mannvirkjagerð) að athafnir og framkvæmdir sem geti haft áhrif á verndargildi friðlandsins verði leyfissskyldar af hálfu Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. nvl., Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki en sveitarfélögin eru einnig landeigendur svæðisins. Þá kemur fram í 12. gr. tillögunnar að framkvæmdir og athafnir kunni einnig að vera háðar leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 11. gr. tillögunnar.

Minjastofnun var meðal þeirra sem leitað var umsagnar hjá þegar tillagan að friðlýsingu svæðisins var kynnt og sérstaklega verður haft samráð við Minjastofnun við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

## **Tjöldun og næturgisting**

**SAMÚT (FHE)** veltir þeirri spurningu upp hvort reglur um næturgistingu og tjöldun þurfi ekki að vera sveigjanlegri þannig að hægt sé að heimila næturgistingu og tjöldum í sérstökum tilvikum, t.d. í rannsóknaskyni.

#### *Viðbrögð*

Í ljósi þess að umrætt svæði er í þéttbýli og tjaldstæði er að finna í næsta nágrenni þess, girðir 1. mgr. 22. gr. nvl. fyrir að unnt sé að tjalda á svæðinu en ákvæðið er svohljóðandi: *Við alfaraleið í byggð er heimilt, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 18. gr., að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi, sé tjaldsvæði ekki í næsta nágrenni.* Þá er einnig óheimilt samkvæmt lögreglusamþykktum [Reykjavíkurborgar](#) og [Mosfellsbæjar](#) að gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannaferi í þéttbýli utan sérmerktra svæða.

## **Aðrar ábendingar og erindi**

**SAMÚT (FHE)** telur þörf á að friðlýsa umrætt svæði enda geymi það viðkvæm uppeldissvæði smádyra, plantna og fugla auk leirur sem eru viðkvæmar, frjóar og nauðsynlegar vistkerfinu. Bent er á að mismunandi orðnotkun sé viðhöfð yfir sömu atriði í 5. og 6. gr. tillögunnar. Einnig hvort orðinu *vatnsbol* sem kemur fram í 3. gr. tillögunnar, hafi mögulega verið ruglað saman við orðið *vatnsból*.

### *Viðbrögð*

Hvað varðar ábendingar um orðnotkun þá hefur orðnotkun í 5. gr. tillögunnar verið breytt og er þar nú vísað til *gesta* í stað ferðamanna. Í 6. gr. tillögunnar tekur orðnotkunin „almennitur“ mið af meginreglu 17. gr. nvl. þar sem mælt er fyrir um fararrétt almennings um landið.

Samkvæmt 40. gr. nvl. skal, þegar um er að ræða verndarsvæði í hafi, tilgreina í auglýsingu um friðlýsingu svæðis hvort að friðlýsingin taki til hafsbots, lífríkis og/eða vatnsbols. Með vatnsbóli er hins vegar átt við stað þar sem neysluvatn er tekið.

**Hafrannsóknastofnun** fagnar þeirri framsýni sem felst í friðlýsingu Blikastaðakróar og Leiruvogs og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu. Stofnunin bendir á að fjórar veiðiár hafi ósa innan þess svæðis sem tillaga um friðlýsingu nær til, þ.e. Úlfarsá, Varmá, Kaldakvísl og Leirvogsa. Stofnunin tiltekur að víðáttumiklar leirur og sjávarfitjar séu á umræddu svæði með fjölbreyttum vistgerðum og að friðlýsingin þyki líkleg til þess að hafa jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins og standa vörð um hann.

**ISAVIA** bendir á að samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er friðlýsingarskilmálanum ekki ætlað að hafa áhrif á hefðbundnar flugleiðir og að gerðar hafi verið breytingar frá upphaflegri tillögu um afmörkun svæðisins þannig að flugbrautin í Mosfellsbæ væri ekki lengur innan fyrirhugaðrar friðlýsinga. Í ljósi þessa gerir félagið ekki athugasemdir við tillöguna að friðlýsingu svæðisins.

**Landgræðslan** gerir ekki athugasemdir við tillöguna um friðlýsingu svæðisins en er reiðubúin til að veita upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

**Matvælaráðuneytið** upplýsir að leitað hafi verið umsagnar Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar vegna tillögunnar. Hvorki stofnanirnar né ráðuneytið geri athugasemdir við tillöguna.

**Náttúrufræðistofnun Íslands** fagnar því að þessi friðlýsing sé að verða að veruleika. Um mikilvægt náttúrusvæði í jaðri þéttbýlis er að ræða. Stofnunin vísar til umsagnar sinnar um áform um friðlýsinguna þann 10. ágúst 2021, þar sem fram kom að stofnunin teldi áformin vera í mjög góðu samræmi við tillögu sína fyrir B-hluta náttúruminjaskrár þar sem Blikastaðakró-Leiruvogur er eitt af þeim svæðum sem er tilnefnt fyrir fugla, sér í lagi margæs og sendling en einnig er svæðið mikilvægt fyrir margar aðrar tegundir fugla sem og fjöruvistgerðir. Stofnunin gerir engar athugasemdir við skilmálana og telur þá vel útfærða og til þess fallna að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar.

### *Viðbrögð:*

Hafrannsóknastofnun, ISAVIA, Landgræðslunni, Matvælaráðuneytinu, Náttúrufræðistofnun Íslands og SAMÚT (FHE) er þakkað fyrir þeirra erindi.

Reykjavík 1. júlí 2022  
UST20210-101/EBSH/DÖH